

23. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að skip sem eiga heima í konungsríkinu Sikileyjum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sé undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. apríl þ. á. 1856.
19.nóvemb.

Eptir samningum sem gjörðir eru milli konungsríkisins Danmerkur og konungsríkisins Sikileyja, og skipt er um á víxl þeirra á milli þann 4. f. m., eru þau skip, sem eiga heima í síðarnefndu konungsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. apríl þ. á., sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. sama mánaðar.

Þetta gefst hérmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

24. Opið bréf um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglningar og verzlun á Íslandi. 24.nóvemb.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglningar og verzlun á Íslandi, bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Kostnað þann, er leidir af þeim ráðstöfunum, sem gjöra þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglningar og verzlun á Íslandi, skal greiða í hverju amti úr jafnaðarsjóði amtsins.

2. gr. Áður en það verði fast ákveðið, að sú eða sú ráðstöfun sé nauðsynleg, skal bera það mál undir alþingi, en stjórnin áskilur sér rétt til að skera úr því til bráðabyrgða, og skal þá

1856. greiða kostnað þann, er af því rís, á þann hátt, sem fyrir
24.nóvemb. er getið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

11. desemb. **25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um styrk úr jafnaðarsjóði suður-umdæmisins til að kaupa fyrir meðöl handa holdsveikum í Gullbringu sýslu.**

Um leið og herra stiptamtmaðurinn hefir sent dómsmálastjórninni skýrslu frá landlækninum á Íslandi, Dr. med. Hjaltalín, um holdsveika í Stranda og Rosmhvalaness hreppum í Gullbringu sýslu, hafið þér í þóknanlegu bréfi 10. júní þ. á. skýrt frá því, að þér í tilefni af því, sem landlæknirinn hefir sagt um að meðöl þau, er lögð eru fátækum, væri ónóg í þessu lækni-umdæmi, hafi skrifað hlutaðeiganda sýslumanni um, að skipa sveitastjórnunum að gefa holdsveikum mönnum þeim, sem ekki geta sjálfir borgað meðöl þau, sem læknirinn hefir ráðlagt þeim að brúka, skrifleg skýrteini til lyfsöllumannsins um, að meðöl þau, sem þeir samkvæmt fyrirsögn læknisins biðja um, verði borguð af hlutaðeiganda sveitarsjóði. En þaræð gjöra má ráð fyrir, að þvílík viðbót við sveitarútgjöldin yrði býsna mikil, og fyrir Rosmhvalaness hrepp, hvar skýrslan segir að sè 27 holdsveikir, svo þungbær, að hinir fáu menn, sem í þessum hreppi leggja til sveitar, ekki muni geta goldið það sem þarf til sveitarinnar, nema sjálfir að verða bláfátækir, hefir herra stiptamtmaðurinn þarhá stungið uppá, að amtinu fyrst um sinn væri heimilað vald á að verja allt að 80 rd. á ári úr jafnaðarsjóðinum til meðalakaupa handa fátækum holdsveikum mönnum, einkum í Rosmhvalaness hreppi, en vitnisburðir lækni og sveitastjórnarinnar væri sönnun fyrir þessum útgjöldum.

Stjórnin verður nú, eptir því sem ástatt er, að fallast á